

220. fundur Umferðarráðs

220. fundur Umferðarráðs var haldinn í húsakynnum Umferðarstofu að Borgartúni 30, miðvikudaginn 20. febrúar 2008 og hófst hann klukkan 12:00.

Mættir voru: Kjartan Magnússon, Birna Hreiðarsdóttir, Ástgeir Þorsteinsson, Dagrún Jónsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Benedikt Eyjólfsson, María Kristín Gylfadóttir, Runólfur Ólafsson, Rafn Arnar Guðjónsson, Knútur Halldórsson, Egill Bjarnason, Tryggvi Jakobsson, Guðmundur Haraldsson, Hjálmar Björgvinsson, Jón Ólafsson, Sigrún A. Þorsteinsdóttir, Birgir Hákonarson, Auður Þóra Árnadóttir, Snorri Bjarnason fyrir Ökukennarafélag Íslands og Guðríður Ólafsdóttir.

Eftirfarandi mál voru til umræðu á fundinum:

1. Heimasíða Umferðarráðs

Rætt var um að Umferðarráð væri með sérstaka heimasíðu sem fyrirhugað er að opna 26. maí 2008 á 40 ára afmæli breytingar í hægri umferð. **Kjartan Magnússon** sagði að stefnt væri að því að ný heimasíða Umferðarráðs verði flott. Hann sagði að veftré væri tilbúið og bara eftir að ákveða efnið á síðunni. **Birgir Hákonarson** óskaði eftir hugmyndir um efni á síðuna. Hann nefndi til dæmis þann möguleika að ráðsmenn sendi frá sér pistla um hugðarefni sín varðandi umferðarmál. **Kjartan Magnússon** sagði að markmiðið væri að ráðsmenn gætu fylgst betur með og þar með myndi virkni þeirra aukast. Gert væri ráð fyrir að sérstakur ritstjóri stýrði síðunni. Allir geti sent efni, en það væri hlutverk ritstjóra að ákveða hvað verði birt. Hann sagði að æskilegt væri að umræða um ýmis mál færi fram á þessum vettvangi.

2. H-dagurinn

Rætt var með hverjum hætti rétt væri að vekja athygli á umferðarmálum í tilefni þessarar tímamóta þann 26. maí nk. **Kjartan Magnússon** sagði að nauðsynlegt væri að nota daginn til vekja athygli á umferðinni. Mögulega efna til umferðaröryggisviku. Reynslan sýni að þá fækki slysum yfirleitt. Þá myndi eitthvað gerast á hverjum degi og að þeir sem aðild eiga að ráðinu yrðu virkir. Hægt væri að nýta fjármagn úr umferðaröryggissjóði. **Birna Hreiðarsdóttir** sagði að Valgarð Briem hefði sent bréf til ráðuneytisins þar sem hann minnti á þessi tímamót. Það liggur ljóst fyrir sagði hún, að breytingin gekk mjög vel.

3. Umferðarþing 2008

Rætt var um þingið og að rétt væri að það stæði í einn dag í stað tveggja. Lagt var til að það yrði haldið í tengslum við umferðaröryggisdag Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í október. Framkvæmdastjóri ráðsins óskaði eftir ábendingum um efni til umfjöllunar.

4. Ályktun um vegmerkingar

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða

Umferðarráð hvetur veghaldara og verktaka við framkvæmdir á götum, vegum og gangstígum fyrir almenna umferð í þéttbýli og dreifbýli til að tryggja að yrustu merkingar og öryggisráðstafanir séu alltaf viðhafðar á framkvæmdasvæðum. Því miður er alltof algengt að ekki sé farið að lögum og reglum um merkingar og umferðarstýringu á vegavinnusvæðum. Ábyrgð veghaldara og verktaka er mikil varðandi það að koma í veg fyrir slys á fólki og munatjón. Nauðsynlegt er að góð umferðarmerki og skilti séu til staðar, sem gefa skýrt til kynna með góðum fyrirvara hvað er framundan og hvernig beri að aka. Tryggja skal örugga lýsingu og blikkandi aðvörunarljós eru mikilvæg. Avallt skal halda umferðarmerkjum og endurskinu hreinu. Villandi yfirborðsmerkingar ber að afmá og setja nýjar þar sem það á við. Leiðarsteina og vegrið þarf að setja niður til að aðgreina akstursstefnur og á akbrautarbrúnum til að draga úr slyshættu. Nauðsynlegt er að endurskin sé á leiðarsteinum og vegriðum.

Tryggja þarf að vegfarendum og starfsmönnum á framkvæmdasvæðum sé ekki hættu búin þar sem vegavinna fer fram eða ef vegi er raskað. Mikilvægt er að reglur um merkingar vegavinnusvæða og eftirlit með framkvæmd þeirra verði skerptar hið allra fyrsta.

Fundi var slitið kl. 14.00